



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA ritgerð
í íslensku sem öðru máli**

Milli þjóða

Pólsk þýðing á hluta bókarinnar *Litróf kennsluaðferðanna*
eftir Ingvar Sigurgeirsson

Katarzyna Anna Kaczmar

Leiðbeinandi: María Anna Garðarsdóttir
Júní 2022

ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

Milli þjóða

Pólsk þýðing á hluta bókarinnar *Litróf kennsluaðferðanna*
eftir Ingvar Sigurgeirsson

Katarzyna Anna Kaczmar
Kt.: 061171-2669

Lokaverkefni til BA-prófs í íslensku sem öðru máli
Leiðbeinandi: María Anna Garðarsdóttir

Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2022

Milli þjóða

Pólsk þýðing á hluta bókarinnar *Litróf kennsluaðferðanna* eftir Ingvar Sigurgeirsson

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs

við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Katarzyna Anna Kaczmar, 2022

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA-prófs í íslensku sem öðru máli. Markmið verkefnisins er að auka framboð á námsefni á pólsku, annars vegar fyrir fólk sem hefur áhuga á kennsluaðferðum og hins vegar fyrir þá sem hafa áhuga á nytjapýðingum. Með þýðingu á hluta kennslubókarinnar *Litróf kennsluaðferðanna*, eftir Ingvar Sigurgeirsson, hef ég enn fremur leitast eftir að auka þekkingu mína á sviði þýðinga.

Í þessu verkefni er þýddur sá hluti bókarinnar sem fjallar um kennsluaðferðir í íslenskum skólum. Verkefnið er í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn er annars vegar umfjöllun um fræðilegan grunn þýðinga og hins vegar um þýðingarferlið, og verkið sem og lýsing á frumtextanum. Seinni hlutinn inniheldur þýðinguna sjálfa. Umfjöllun um Skoposkenninguna er lögð fram sem grundvöllur nytjapýðinga.

Abstract

This dissertation is a final project for a BA degree in Icelandic as a second language. The aim of the project is to increase the supply of study materials in Polish, on the one hand for people who are interested in teaching methods and on the other hand for those who are interested in useful translations. With the translation of part of the textbook *Litróf kennsluaðferðanna* (*The Spectrum of Teaching Methods*), by Ingvar Sigurgeirsson, I have also sought to increase my knowledge in the field of translation.

In this project, the part of the book that deals with teaching methods in Icelandic schools is translated. The project is in two parts. The first part is, on the one hand, a discussion of the theoretical basis of translation and, on the other hand, the translation process, and the work, as well as a description of the original text. The second part contains the translation itself. A discussion of the Skopos theory is presented as the basis for utility translations.

Efnisyfirlit

| | | |
|-------|---|----|
| I. | hluti: Greinargerð | 6 |
| 1. | Inngangur | 7 |
| 2. | Fræðilegur grunnur | 7 |
| 2.1 | Þýðingar bókmennta- og nytjatexta | 8 |
| 2.2 | Jafngildi | 9 |
| 2.3 | Skoposkenningin | 10 |
| 2.4 | Þýðingarlíkan Newmarks | 11 |
| 3. | Frumtextinn | 13 |
| 3.1 | Bókin | 13 |
| 3.2 | Textategund | 14 |
| 3.3 | Textagerð og hlutverk | 15 |
| 4. | Þýðingarferlið | 16 |
| 4.1 | Tilgangur þýðingarinnar | 16 |
| 4.2 | Þýðingarvinnan | 17 |
| 4.3 | Umfjöllun um þýðinguna | 17 |
| 4.3.1 | <i>Orðatiltæki</i> | 18 |
| 4.3.2 | <i>Orðræðuagnir</i> | 19 |
| 4.3.3 | <i>Samsett orð</i> | 21 |
| 4.3.4 | <i>Setningar og orðaröð</i> | 22 |
| 5. | Lokaorð | 24 |
| | Heimildaskrá | 26 |
| II. | hluti: Þýðing | 28 |

I. hluti: Greinargerð

1. Inngangur

Í heimi nútímans er óhjákvæmilegt að leitast við að yfirstíga tungumálhindranir sem torvelda frjáls samskipti. Ein leið til þess eru nytjapýðingar. Alþjóðleg samskipti, lög, fjölmiðlar, viðskipti, iðnaður og vísindi eru í auknum mæli háð þýðendum. Þýðingar leiða til þess að takmarkanir og tungumálhindranir hverfa á milli þjóða. Þýðingarnar eru hins vegar flóknari en flest fólk gerir sér grein fyrir. Á bak við hverja þýðingu eru kenningar eða aðferðir sem þýðandinn notar í verkum sínum. Markmið þessa verkefnis er að kynna nytjapýðingum og þeim kröfum sem þær gera til þýðenda.

Verkefnið er í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn er greinargerð á fræðilegum grunni þýðinga almennt og á þýðingarferlinu. Í öðrum kafla er fyrst fjallað um í hverju þýðing bókmenntatexta og þýðing nytjatexta felst (kafla 2.1). Þá er fjallað um tvö mikilvæg hugtök í þýðingafræði, það er jafngildi (kafla 2.2) og Skoposkenninguna (kafla 2.3). Skoposkenningin er sú kenning sem spilar lykilhlutverk í nytjapýðingum sem þessum. Fjallað er einnig um líkan Newmarks, sem gefur góða mynd af því umhverfi sem mótarkverk þýðandans (kafla 2.4). Í þriðja kafla er rýnt í frumtextann, sem þýddur var í þessu verkefni. Fyrst er fjallað um efni textans og tilgang hans (kafla 3.1). Því næst verður tegund hans (kafla 3.2) og hlutverk og tilgangur (kafla 3.3) skilgreindur. Í fjórða kafla er fjallað um þýðingarferlið, hver tilgangur þýðingarinnar er, hverjum hún er ætluð og hvers eðlis hún er (kafla 4.1). Þá er stutt yfirlit gefið um þýðingarferlið (kafla 4.2). Að síðustu eru tekin til umfjöllunar nokkur valin vandamál sem komu upp við þýðinguna (kafla 4.3) og þær lausnir sem valdar voru til að bregðast við þeim; þýðingu orðatiltækja, orðræðuagna og samsettra orða. Að lokum er fjallað um setningar og orðaröð. Í fimmta kafla eru nokkur lokaorð. Í seinni hluta ritgerðarinnar er þýðingin sjálf.

2. Fræðilegur grunnur

Umræður og rökræður um þýðingar hafa verið í gangi um aldir.¹ Þýðingar voru mikið til umræðu í hinu forna Rómaveldi.² Rómverjarnir sögufrægu, Cíceró og Hóras, gerðu

¹ Ástráður Eysteinnsson, *Orðaskil*, 21.

² Ástráður Eysteinnsson, *Orðaskil*, 21.

skarpan greinarmun á þýðingum en umræðan um þýðingar þróaðist ekki fræðilega fyrr en á sjöunda áratug tuttugustu aldar.³ Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þýðingum á bókmennta- og nytjatexta (kafla 2.1). Síðan verður rætt um hugtakið *jafngildi* (kafla 2.2). Því næst verður fjallað um kenningu Katharinu Reiß og Hans J. Vermeers, það er Skoposkenninguna (kafla 2.3). Í lok þessa kafla verður fjallað um mikilvæga þætti í þýðingarumhverfinu, þar sem margt getur haft áhrif á þýðandann og þýðingu hans (kafla 2.4).

2.1 Þýðingar bókmennta- og nytjatexta

Á sviði þýðingafræði má skipta textum í bókmenntatexta annars vegar og nytjatexta hins vegar. Dæmi um bókmenntatexta eru skáldsögur, sögulegar skáldsögur, smásögur, glæpasögur, ævisögur, ljóð eða leikrit. Nytjatextar eru allir aðrir textar, til dæmis upplýsingar, fréttatilkynningar, orðabækur, lyfjatextar, auglýsingar eða fræðitextar. Áskoranir þýðenda eru mismunandi eftir eðli textans sem þeir þýða hverju sinni.⁴ Þýðandi bókmenntaverks þarf meðal annars að laga sig rækilega að málsniði skáldverksins, stíl verksins, formi þess, tvíræðni, orðaröð og fleiru.⁵ Við þýðingu ljóðs getur til dæmis verið mikilvægt að koma bragarhætti eða sérstakri tegund ríms úr frummáli til skila.⁶ Við þýðingu skáldsögu ber að ákveða hvort færa eigi söguna yfir í umhverfið og hugmyndaheim hins þýdda tungumáls, til dæmis við þýðingu barnabóka, eða hvort halda eigi umhverfi og hugmyndaheimi frumtextans.⁷

Þegar hins vegar um nytjatexta er að ræða er yfirleitt mikilvægast að efnid sé flutt á eðlilegu og skiljanlegu máli þannig að þýðingin sé efnisrétt.⁸ Mismunandi gerðir nytjatexta gera mismunandi kröfur til þýðandans. Til dæmis þarf þýðing nytjatexta að taka mið af því hverjum hún er ætluð og hvers eðlis textinn er, hvort um sé að ræða fræðirit eða hversdagslegri texta.⁹

³ Ástráður Eysteinnsson, *Orðaskil*, 21.

⁴ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 78.

⁵ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 78.

⁶ Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarson, *Gagnfræðakver handa háskólanemum*, 115.

⁷ Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarson, *Gagnfræðakver handa háskólanemum*, 115.

⁸ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 78.

⁹ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 78.

2.2 Jafngildi

Á 20. öld þróaðist þýðingafraeði sem fræðigrein. Meðal tímamótaverka í þróun þýðinga er bók bandaríska þýðingafraeðingsins Eugene A. Nida (1914-2011) *Toward a Science of Translating* sem kom út árið 1964.¹⁰ Nida rannsakaði fyrst biblíuþýðingar en útfærði síðan kenningar sínar í víðara samhengi.¹¹

Kenningar Nida vöktu mikla athygli þegar hann kom fram með hugtakið *jafngildi* (e. *equivalence*) í þýðingum. Í jafngildi felst að þýðandinn reynir að veita þeim boðum, sem hann sendir frá sér, skírskotun sem hæfir best skírskotun upphaflegra boða. Með öðrum orðum lætur þýðandinn boðin gegna viðeigandi eða jafngildu hlutverki í nýjum texta á öðru tungumáli.¹² Nida hélt því fram að engin tvö tungumál væru eins, þannig að samsvörun milli þeirra væri ekki möguleg. Lykilhugtakið byggist á þeirri fullyrðingu að þýðing geti ekki komið skilaboðunum eins til skila og frumtextinn og af þessum sökum verður að finna jafngildi, sem flytja merkingu, stíl og boðskap.¹³

Nida skilgreinir tvenns konar jafngildi: formlegt jafngildi (e. *formal equivalence*) og áhrifajafngildi (e. *dynamic equivalence*).¹⁴ Það fyrra leiðir af sér frumtextamiðaða þýðingu, þar sem reynt er að hafa inntak og form eins nákvæmt og mögulegt er. Megináherslan er lögð á trúnað við frumtextann.¹⁵ Um formlegt jafngildi segir Nida:

Formlegt jafngildi beinir athygli að boðunum sjálfum, bæði formi þeirra og inntaki [...]. Frá þessum formlega sjónarhóli er þýðanda í mun að boðin í viðtökumálinu svari eins nákvæmlega og mögulegt er til hinna ýmsu þátta í frummálinu.¹⁶

Áhrifajafngildi kallar hins vegar á annarskonar trúnað sem að mati Nida er byggður á:

[...] algjörlega eðlilegri framsetningu og reynir að setja viðtakandann í samband við hegðanamynstur sem ríkjandi er í hans eigin menningarsamfélagi; slíkt jafngildi krefst þess ekki að hann skilji menningarþætti í samhengi frummálsins til að skilja boð textans.¹⁷

¹⁰ Ástráður Eysteinnsson, *Orðaskil*, 21.

¹¹ Ástráður Eysteinnsson, *Orðaskil*, 22.

¹² Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, 90.

¹³ Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, 89.

¹⁴ Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, 90.

¹⁵ Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, 90.

¹⁶ Nida, *Toward a Science of Translating. With Special Reference to Principles and Procedures Involved in Bible Translating*, 159; Íslenska þýðingin er tekin úr Ástráði Eysteinnssyni, *Tvímæli*, 90.

¹⁷ Nida, *Toward a Science of Translating. With Special Reference to Principles and Procedures Involved in Bible Translating*, 159; Íslenska þýðingin er tekin úr Ástráði Eysteinnssyni, *Tvímæli*, 90.

Áhrifajafngildi er í raun aðlögun frumtexta að þýðingarmáli. Það er að segja, leitað er annarra þýðingarlausna en orðréttrar þýðingar sem felur betur að þýðingarmálinu.

Í ritum sínum leggur Nida jafnan áherslu á efnisréttu þýðingu, sem aðlagast því menningarsamfélagi sem henni er ætlað að ná til.¹⁸

2.3 Skoposkenningin

Snemma á áttunda áratugnum fór áhersla á jafngildi að minnka í þýðingarrannsóknum. Menningarþátturinn fór að koma fram sem mikilvægur þáttur í greiningu og flutningi texta. Ein af grundvallarkenningum í þýðingafræði varð svokölluð *Skoposkenning* sem þýsku málvísindamennirnir Katharina Reiß og Hans J. Vermeer lögðu fram.¹⁹ Árið 1984 kom út verk þeirra, *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*, þar sem þau settu fram þá kenningu að líta bæri á frumtexta til þýðingar sem upplýsingatilboð og vinna ætti þýðinguna eða túlkunina út frá hlutverki hennar í markmáli og menningu.²⁰

Skoposkenningin fjallar um að þýðingarferlið sé ekki bein þýðing heldur flutningur merkingarbærra tákna frá einu menningarsvæði til annars.²¹ Þýðandinn er sá sem ákveður hvernig á að flytja þessi tákni á milli tveggja ólíkra menningarsvæða. Hann er að þýða og túlka frumtextann, þannig að hann verði skiljanlegur á markmálinu. Tilgangur er þannig að ná til markhópsins og markmenningarinnar. Megintilgangurinn er að koma á samskiptum milli sendanda textans og viðtakanda hans.

Katharina Reiß fjallaði um mismunandi textagerðir, sem hver um sig krefst mismunandi nálgunar við þýðingarvinnu. Samkvæmt kenningu Reiß, sem er partur af sameiginlegum kenningum hennar og Vermeers, eru textagerðirnar þrjá talsins. Það er *upplýsandi texti*, *tjáningartexti* og *virkjandi texti*.²²

Í fyrsta lagi er talað um upplýsandi texta (e. *informative*), ef höfundur vill að upplýsingatilboðið innihaldi upplýsandi efni, það er að segja ef textinn er skrifaður í þeim tilgangi að miðla fréttum, upplýsingum, skoðunum og svo framvegis. Upplýsandi texti

¹⁸ Heimir Pálsson og Veturliði Óskarsson, „Þýðingar.“

¹⁹ Reiß og Vermeer, *Towards a General Theory of Translational Action*, 90.

²⁰ Gauti Kristmannsson, „Fræðimaður þýðinga,“ 125.

²¹ Munday, *Introducing Translation Studies*, 78-81.

²² Pym, *Exploring Translation Theories*, 47.

hefur rökrænt svið og áhersla er lögð á innihaldið. Markmiðið er að miðla efni.²³ Í öðru lagi er talað um tjáningartexta (e. *expressive*), ef höfundur vill miðla listrænt skipulögðu efni, með því að móta innihaldið meðvitað eftir fagurfræðilegum forsendum. Tjáningartexti hefur fagurfræðilegt svið. Áhersla er lögð á formið og markmið þýðandans er að miðla þessu formi.²⁴ Í þriðja lagi er talað um virkjandi texta (e. *operative*), ef höfundur vill að upplýsingatilboðið sé sett fram á sannfærandi skipulagðan hátt sem hvetur viðtakanda til að haga sér í samræmi við ásetning sendanda textans. Virkjandi texti er á sviði samræðunnar og áhersla er lögð á skoðanir og hegðun viðtakanda.²⁵

Textaflokkunarkerfi Katharinu Reiß getur hjálpað þýðendum að skilja og skilgreina ætlað hlutverk þeirra texta sem verið er að þýða hverju sinni þar sem hver gerð texta kallar á mismunandi þýðingaraðferðir.

2.4 Þýðingarlíkan Newmarks

Áður en byrjað er að þýða texta, er rétt að greina eðli hans og samhengi, þar sem margir þættir geta haft áhrif á þýðandann og þýðingu hans. Breski þýðingafræðingurinn Peter Newmark hefur sett fram líkan af þessum þáttum í þýðingarumhverfi.²⁶ Í bók sinni, *Um þýðingar*, kynntu Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson þýðingu á líkani Newmarks²⁷ eins og sjá má hér að neðan:


²³ Reiß og Vermeer, *Towards a General Theory of Translational Action*, 182.

²⁴ Reiß og Vermeer, *Towards a General Theory of Translational Action*, 182.

²⁵ Reiß og Vermeer, *Towards a General Theory of Translational Action*, 182.

²⁶ Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, 105.

²⁷ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 71.



Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 71.

Til að fá betri mynd af líkani Newmarks verður samantekt Heimis og Höskuldar sett fram hér:

1. Hvenær og að hve miklu leyti er ástæða til að reyna að halda stíl höfundarins. Hvernig getum við best lýst honum? Hver var markhópur þessa höfundar, fyrir hverja skrifaði hann?
2. Hvernig eru / voru almennar ritmálsvenjur í frummálinu. Er ritmálið t.a.m. sérlega hátíðlegt?
3. Efnisatriði sem bundin eru eða skýrast af menningu þess þjóðfélags sem frumtextinn var saminn fyrir.
4. Hvaða stíl eða blæ þykir / þótti eðlilegt að velja á texta af þessu tagi á frummálinu? Var t.d. eðlilegt að kjósa einhvern tiltekinn bragarhátt?
5. Fyrir hvers konar lesendur er þýðingin gerð? Hvaða áhrif hafði markhópurinn á textann (var t.d. skrifað fyrir börn?) og hvernig skilum við þeim áhrifum áfram?
6. Hvaða ritvenjur giltu / gilda í málinu sem þýtt er á? Er ritmálið þar í eðli sínu ólíkt ritmáli frumtextans?
7. Hvaða áhrif hefur menning heimamálsins á orðalag og stíl?
8. Hvaða málsnið þykir eðlilegt að velja á texta af þessu tagi á heimamálinu? Er t.d. venja að fjalla um þetta efni í bundnu máli?
9. Hvaða staðreynir er verið að fjalla um í textanum, er hægt að fjalla um þær hlutlægt og án þess að frummálið eða heimamálið hafi áhrif þar á?

10. Hvar er hættu á að skoðanir eða fordómar þýðandans fari að hafa áhrif á þýðinguna?²⁸

Það eru fleiri þættir sem geta haft áhrif á þýðingu en hér eru taldir upp, en ef þýðanda tekst að svara þessum spurningum getur hann byrjað á því að velja rétt og merkingarbært orð og setja það á blað.²⁹

3. Frumtextinn

Áður en þýðing hefst, þarf þýðandi að skilja fyrst hver helstu einkenni frumtextans eru. Þegar talað er um að skilja frumtexta er átt við að skilja alla þá þætti sem mynda heildarmerkingu textans. Það er ekki nóg að skilja hvert orð fyrir sig, heldur þarf þýðandinn að vera meðvitaður, til dæmis um stíl og málsnið textans. Fyrst verður fjallað almennt um frumtextann (kafla 3.1), það er að segja efni textans og tilgang hans. Því næst verður fjallað um textategundina (kafla 3.2). Að lokum kemur umfjöllun um textagerðina og hlutverk og tilgang frumtextans (kafla 3.3).

3.1 Bókin

Frumtextinn sem hér er þýddur er hluti af handbók sem heitir á frummálinu *Litróf kennsluáðferðanna*. Höfundur bókarinnar, Ingvar Sigurgeirsson, er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.³⁰ Bókin er 232 blaðsíður og gefin út árið 2013. Í upphafi bókarinnar fjallar höfundur um persónulega reynslu sína, sem varð til þess að hann tók þá ákvörðun að verða kennari sjálfur. Textanum er skipt upp í kafla, sem eru ótölusettir en þeim eru gefin heiti sem lýsa efnisinnihaldi þeirra. Í upphafi hvers kafla er tilgreint hver tilgangur hans er. Því mætti segja að hver kafla sé sjálfstæður og lesendur geta fundið það efni sem hentar þeim. Kaflar bókarinnar fjalla meðal annars um útlitunarkennslu, þulunám og þjálfunaræfingar, verklegar æfingar, umræðu og spurnaraðferðir, innlifunaraðferðir og tjáningu, þrautalausnir, leitaraðferðir, hópvinubrögð og sjálfstæð, skapandi viðfangsefni. Sums staðar í textanum fylgja myndir þar sem fjallað er um atriði sem þeim tengjast og hlutverk þeirra er að vekja

²⁸ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 73.

²⁹ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 74.

³⁰ Sigríður Björk Kristinsdóttir, „Bókarýni: Litróf kennsluáðferðanna,“ 2.

athygli lesandans á efni bókarinnar. Textinn inniheldur mikið af praktískum upplýsingum til kennara um námsefni og fræðilegt efni. Í titli bókarinnar kemur fram að hún sé ætluð öllum sem koma að starfi kennara. Þegar textinn er skoðaður má hins vegar sjá að upplýsingarnar nýtast einnig kennaranemum. Í bókinni er meðal annars fjallað um fas, framkomu og verklag kennara.

Litróf kennsluaðferðanna er bók sem nýtist vel sem undirbúningsleiðbeiningar fyrir kennslu, hvort sem um er að ræða kennslu fullorðinna eða barna. Bókin er vel skrifuð og auðlesin þar sem uppbyggingin er þannig að auðvelt er að finna það efni sem leitað er að. Efnisyfirlitið er nákvæmt og gerir leit auðveldari. Í bókinni eru margar kennsluaðferðir sem hægt er að nýta og það ætti ekki að vera erfitt að finna aðferð sem hentar fyrirhugaðri kennslu.³¹

Textinn greinir verulega á milli þess að vera ópersónulegur eða fyrstu persónu eintölu frásögn þar sem höfundur er vel sýnilegur og talar út frá reynslu sinni þegar hann fjallar um kennsluaðferðir. Sem dæmi má nefna undirkafla í fyrsta kafla, þar sem fjallað er um hugtakið kennsluaðferð á blaðsíðu 11. Umfjöllun er skrifuð í þriðju persónu eintölu. Þar á eftir breytist textinn hins vegar í fyrstu persónu eintölu, þegar fjallað er um hvaða kennsluaðferðir eru bestar. Hann er að finna á blaðsíðu 13 í frumtexta.

3.2 Textategund

Öll venjubundin málnotkun tilheyrir ákveðinni tegund texta.³² Textategundir (e. *genre*) eru menningarbundnar. Þær tilheyra ákveðnu málsamfélagi sem hefur sínar reglur og venjur. Hverri tegund texta fylgja mismunandi tjáningarvenjur sem þýðandinn þarf að skilja.³³

Í bók sinni, *Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir*, birti Ástráður Eysteinnsson allsherjarkerfi textategunda eftir Mary Snell-Hornby. Samkvæmt henni eru megingundir þýðinga þrjár:

a. Bókmenntaþýðingar

³¹ Sigríður Björk Kristinsdóttir, „Bókarýni: Litróf kennsluaðferðanna,“ 3.

³² Þórunn Blöndal, *Lifandi mál*, 78.

³³ Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, 125.

- b. Almennar þýðingar
- c. Sérhæfðar þýðingar

Meðal bókmenntaþýðinga eru leikbókmenntir, kvikmyndir, ljóðlist, fornklassík, bókmenntir fyrir 1900, barnabókmenntir, nútímabókmenntir og afþreyingarbókmenntir. *Biblían* tilheyrir einnig þessum hópi. Dagblöð, auglýsingar og almennir upplýsingatextar teljast til almennra þýðinga. Sérhæfðar þýðingar eru meðal annars þýðingar á sviði lögfræði, hagfræði, læknisfræði, vísinda og tækni.³⁴

Mismunandi tegundir texta krefjast ólíkra vinnubragða þýðandans.³⁵ Samkvæmt tegundaskiptingu Mary Snell-Hornby telst bókin *Litróf kennsluaðferðanna* til almennra þýðinga. Þar sem innihald ritgerðarinnar er nytjaþýðing, er mikilvægt að huga að því hverjum hún er ætluð og hvert eðli textans er.³⁶

Kennslubókin er skrifuð á íslensku á hnitmiðaðan hátt. Höfundur notar skýrt málsnið og ekki of formlegt. Bókin er ætluð almennum lesendum og því hefur verið leitast við að þýða hana á eðlilegt og lipurt mál sem allir skilja.³⁷ Það er óvíst hvort bókin hafi þegar verið þýdd á annað tungumál og verður fróðlegt að sjá hvort pólska þýðingin nýtist lesendum.

3.3 Textagerð og hlutverk

Eins og áður hefur verið nefnt, er textum skipt í þrjár gerðir, það er upplýsandi texta, tjáningartexta og virkjandi texta. Í þýðingarvinnu krefst hver þessara textagerða mismunandi nálgunar. Til að greina textagerðina þarf meðal annars að gæta að því hvert hlutverk bókarinnar er. Bókin sem hér er til umfjöllunar er fræðandi texti og henni er ætlað að kenna lesendum eða fræða þá um kennsluáferðir. Samkvæmt kenningum Katharinu Reiß um textagerðir myndi textinn því flokkast sem *upplýsandi texti* þar sem lögð er áhersla á innihald, lýsingu efnis og miðlun upplýsinga og jafnframt *virkjandi texti* þar sem lögð er áhersla á skoðanir og hegðun viðtakenda. Í bókinni *Litróf*

³⁴ Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, 127.

³⁵ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 78.

³⁶ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 78.

³⁷ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 79.

kennsluaðferðanna er markmið höfundar að tjá reynslu sína og miðla henni til markhópsins.

Í inngangskafli kynnir höfundur innihald bókarinnar og hugtakið kennsluaðferð útskýrt. Síðan er kafli um viðhorf og verklag kennara, þar sem fjallað er um raddbeitingu og líkamstjáningu. Þar á eftir eru níu meginkaflar bókarinnar, þar sem höfundur fjallar sérstaklega um kennsluaðferðirnar og leiðbeinir lesendum um notkun þeirra.

Af framangreindri umfjöllun má draga þá ályktun að samskiptahlutverk frumtextans sé að fræða, upplýsa lesendur, móta þekkingu og færni kennara auk þess að bæta þekkingu þeirra á kennsluaðferðunum sem til umfjöllunar eru. Þessi kennslubók gefur lesendum sínum tækifæri til að bæta fagleg vinnubrögð sín.

4. Þýðingarferlið

Þýðingarferlið er mjög fjölbætt. Yfirleitt má segja að þýðandi þurfti að byrja á því að kynna sér það verk sem hann hyggst þýða og reyna að skilja það til hlítar. Í þýðingavinnunni var jafngildishugtakið notað samhliða kenningum Reiß og Vermeer til að greina þá möguleika sem til staðar voru á að flytja innihald frumtextans yfir á markmálið. Í þessum kafla verður fjallað nánar um þýðingu kennslubókarinnar. Fyrst verður rætt um það hver tilgangur þýðingarinnar er, hverjum hún er ætluð og hvers eðlis hún er (kafla 4.1). Síðan er stutt yfirlit yfir þýðingarferlið (kafla 4.2). Að lokum verður fjallað um nokkrar þýðingaráskoranir (kafla 4.3).

4.1 Tilgangur þýðingarinnar

Hver texti er skrifaður með ákveðinn tilgang í huga. Í Skopos þýðingarferlinu er tilgangur og hlutverk þýðinga aðalatriðið. Tilgangur þýðingarinnar er sá sami og tilgangur frumtextans, það er að hún þjóni sem kennsluhandbók. Enn fremur er tilgangurinn með því að þýða texta úr íslensku yfir á pólsku að koma efninu til skila, þannig að viðtakandinn, það er Pólverji, geti lesið hann á sínu eigin tungumáli. Ætla má að markttextinn sé ætlaður nemendum sem hafa áhuga á leggja kennslu fyrir sig eða kennaranum sjálfum. Auk þess er textinn ætlaður hinum almenna lesanda, sem þýðir að hann er skrifaður á tungumáli sem vænta má að allir pólskir lesendur geti skilið.

Þar sem áætlað hlutverk markttextans er það sama og frumtextans, var lögð áhersla á samræmi milli uppsetningar markttextans og frumtextans. Setningabygging, málfræði, orðaröð og greinarmerki eru í samræmi við pólskar reglur þar um. Markttextinn samræmist þannig reglum markmálsins. Textinn er kennslubók og því er stefnt að því að skapa skýran og samræmdan texta sem þjónar því hlutverki.

4.2 Þýðingarvinnan

Viðfangsefni og vandi þýðenda eru mismunandi eftir eðli textans sem þýddur er hverju sinni.³⁸ Þar sem textinn sem hér er til umfjöllunar tilheyrir hópi nytjatexta, er mikilvægast að efnið komist til skila á eðlilegu og skiljanlegu máli.³⁹ Vinnan hófst á því að lesa frumtextann vandlega. Síðan voru valdir kaflar til þýðingar. Inngangur og fyrsti kafli urðu fyrir valinu vegna þess að þeir gegna mikilvægu hlutverki fyrir efni bókarinnar.

Litróf kennsluaðferðanna er handbók sem ætluð er kennurum. Þess vegna á þýðingin að vera nákvæm, skýr og auðlesin.⁴⁰ Þær væntingar, sem lesandi getur gert til þessa texta, birtast í titli bókarinnar. Framtíðarlesandi þarf ekki að vera sérfræðingur á þessu sviði, hann þarf bara að vera forvitinn og áhugasamur. Þetta vekur væntingar lesandans um að þetta sé bók sem gefur honum innsýn í eitthvað sem hann vissi ekki um áður.

Þar sem íslenska og pólska eru ólík tungumál verður þýðandinn að vera meðal annars meðvitaður um setningagerð, málfræði og greinarmerki. Þýðingin fólst í því að þýða setningu fyrir setningu. Við þessa vinnu nýttist ýmiss konar efni úr handbókum og kennslubókum fyrir kennara sem fundnar voru á pólskum vefsíðum. Einnig voru notaðar orðabækur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, malid.is, snara.is, íslensk-pólsk/pólsk-íslensk *Skólaorðabók*, ensk-pólsk orðabók, heimasíðan wordreference.com, og *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun*.

4.3 Umfjöllun um þýðinguna

Þýðingarvinna er flókið ferli og þarf þýðandinn að taka upplýstar ákvarðanir um hvern texta fyrir sig. Vandamál við þýðingu geta verið af ýmsu tagi, svo sem málfræðileg eða

³⁸ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 78.

³⁹ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 78.

⁴⁰ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 79.

menningarleg. Hér verður fjallað um helstu áskoranir við þýðinguna. Fjallað verður um menningarleg vandamál eins og orðatiltæki (kafla 4.3.1). Því næst verður fjallað um samskiptahlutverk orðræðuagna í samtölum (kafla 4.3.2). Þar á eftir verður fjallað um samsett orð (kafla 4.3.3). Að lokum verður rætt um setningar og orðaröð (4.3.4).

4.3.1 Orðatiltæki

Í íslensku er til mikill fjöldi af orðtökum og málsháttum.⁴¹ Málshættir eru ólíkir orðtökum af því leyti að þeir fela í sér einhverja meginreglu eða lífsspeki en orðtök eru aftur á móti föst orðasambönd í yfirfærðri merkingu.⁴² Þau eru hluti af menningu hvers tungumáls.

Málshættir og föst orðasambönd eru vel þekkt vandamál í þýðingum.⁴³ Stundum er merking þeirra ekki augljós og það þarf mikla rannsóknarvinnu til að finna rétta orðtakið eða málsháttinn á markmálinu. Að sögn Heimis Pálssonar og Höskuldur Þráinssonar ber að gæta þess að þýða málshætti og orðasambönd ekki orð fyrir orð heldur merkingu þeirra í heild sinni.⁴⁴

Við þýðingu orðatiltækja eru tvær aðferðir algengastar. Fyrri aðferðin er að umorða, það er að finna réttu orðin sem hafa sömu merkingu. Síðari aðferðin er notkun jafngildis orðatiltækis ef merkingin er sú sama.⁴⁵ Jón G. Friðjónsson bendir á að það sé mikilvægt fyrir þýðandann að koma auga á orðatiltæki og skilja þau réttum skilningi. Stundum er mikilvægt að koma orðatiltækinu til skila með annarri og oft bókstaflegri merkingu en það hefur í frummálinu. Hlutverk þýðandans er að komast að því hver raunverulega merkingin er.

Í frumtexta á blaðsíðu 12 er að finna orðatiltækið *að mega til sanns vegar færa*. Í bók sinni, *Mergur málsins*, segir Jón G. Friðjónsson merkingu orðatiltækisins vera að *e-ð [sé] í stórum dráttum rétt, mikið [sé] til í e-u*.⁴⁶ Það var erfitt að finna orðatiltæki í pólsku sem væri sömu merkingar. Til þess að merkingin kæmist til skila var notuð umorðun. Annað dæmi í frumtexta um orðatiltæki, í sömu málsgrein og hið fyrra, er *veldur hver á heldur*.

⁴¹ Þórunn Blöndal, *Málgagn*, 37.

⁴² Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 40.

⁴³ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 37.

⁴⁴ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 37.

⁴⁵ Jón G. Friðjónsson, *Þýðingar*, 27.

⁴⁶ Jón G. Friðjónsson, *Mergur málsins*, 521.

Samkvæmt Jóni G. Friðjónssyni er merking þessa orðatiltækis að *öllu skiptir hver heldur á málum/stjórnar*.⁴⁷

Erfitt reyndist að þýða ofanefnt orðatiltæki. Ég velti því lengi fyrir mér hvernig best væri að þýða þetta orðatiltæki svo það væri skiljanlegt fyrir lesandann. Það er ekki hægt að þýða orð fyrir orð á pólsku: „veldur hver á heldur“. Að sjálfsögðu er hægt að segja „það skiptir máli að hver og einn hafi ráðin í sínum höndum“ en í þessu samhengi myndi þetta hljóma óskiljanlega fyrir viðtakandann. Eftir langa leit fann ég orðatiltæki á pólsku: „mieć fach w ręku“ sem merkir: „einhver er menntaður í einhverju, veit hvernig á að gera eitthvað vel.“ Pólska orðatiltækið felur í sér að viðkomandi hafi yfir þekkingu að ráða. Til dæmis gefur þekking kennarans honum mikið vald og undir honum er komið hvernig hann spilar úr því.

Til að sýna hvernig þýtt var, má hér á eftir sjá setningarnar á frummálinu (a), markmálinu (b) og orðréttu þýðingu (c) af markmálinu yfir á frummálið. Til hægðarauka er orðréttu setningin löguð að íslensku í sviga á eftir.

- a. Það má áreiðanlega til sanns vegar færa, því veldur hver á heldur! (bls. 12)
- b. Niewątpliwie prawdą jest, że liczy się to, kto ma wiedzę!
- c. Tvímælalaust rétt er, því skiptir máli þetta, hver á þekkinguna! (Það er tvímælalaust, að það er sá sem hefur þekkinguna sem hefur vægið/valdið!)

Þessi tvö dæmi sýna að orðatiltæki eru nátengd menningu og stundum er erfitt að finna réttu leiðina til að þýða þau. Reynt var að halda merkingu orðatiltækjanna í marktöxtanum með því að umorða þau.

4.3.2 Orðræðuagnir

Í málvísindum eru orð eins og *heyrðu, bara, ha, hérna, aðeins og sko* kölluð orðræðuagnir. Orðræðuagnir vísa til alls kyns smáorða sem gegna samskiptahlutverki í samtölum. Orðræðuagnir eru tíðar í töluðu máli, fjölbreyttar og aðeins hægt að túlka þær út frá samhengi orðræðunnar eða samtalsins hverju sinni.⁴⁸ Þær tengjast hvorki hlutum

⁴⁷ Jón G. Friðjónsson, *Orð að sönnu*, 599.

⁴⁸ Þóra Björk Hjartardóttir, „Allur er varinn góður: Orðið hvað sem orðræðuögn,“ 5.

né lýsa atburðum heldur gegna mismunandi hlutverki í félagslegum samskiptum.⁴⁹ Þessi orð hafa einnig verið kölluð hikorð.⁵⁰

Íslensk orðabók skilgreinir hikorð sem „[...] orð eða stutt orðasamband til að fylla upp í þagnir í töluðu máli (e.k. upphrópun, meðan framhaldið er mótað, til að koma í veg fyrir að aðrir tali o.s.frv.), t.d. hérna, þarna, sem sagt, þú veist, sko, þykir lýti á máli.“⁵¹ Á pólsku er þessi flokkur orða kallaður „orðafylling.“⁵² Hlutverk þeirra, eins og í frummálinu, er að fá tíma til að ákveða framhaldið, skipuleggja mál sitt og forðast þagnir.

Á blaðsíðu 17 í kaflanum „Fas, framkoma og verklag kennara“ fjallar höfundur *Litrófs kennsluáðferðanna* um hikorð. Það var vandi að finna orð í markmáli sem lýsir orðinu *hik* nákvæmlega í þessu samhengi. Fyrsta hugsunin var sú að orðið *hikorð* gæti gefið til kynna eitthvert hik. Hugtakið *hikorð* hefur ekki fundist í pólskum orðabókum, en eftir langa leit á vefnum fannst orðið *orðafylling* (p. *wypełniacz językowy*, orðrétt á íslensku: *ylling tungumáls*) sem hefur sömu merkingu og *hikorð* í frumtexta. Hér á eftir má sjá setninguna í frummáli (a) og í markmáli (b):

- a. Varast þarf ofnotkun hvers konar hikorða og málkækja. Dæmi um algeng hikorð eru „...hérna...“, „...sko...“ og „...hm...“. (bls. 17)
- b. Należy uważać, aby zbyt często nie nadużywać wypełniaczy językowych ani też nerwowych nawyków językowych. Przykładami często stosowanych wypełniaczy są: „...*tutaj*...”, „...*no więc*...” lub „... *hm*...”.

Í þýðingunni í b. hafa hikorðin *hérna*, *sko* og *hm* verið þýdd orðrétt, en þannig geta þau hljómað óeðlilega fyrir pólskan viðtakanda. Hikorð tengjast oft síðum og venjum tiltekinnar þjóðar og þess vegna hafa verið fundin jafngildi þessara orða í pólsku. Textinn þannig aðlagður pólskum lesendum og þar með gerður skiljanlegri. Hér á eftir má sjá þýðingu þessara orða:

⁴⁹ Rósa Signý Gísladóttir, „*Heyrðu* og *ha* ekki séríslensk fyrirbrigði.“

⁵⁰ Rósa Signý Gísladóttir, „*Heyrðu* og *ha* ekki séríslensk fyrirbrigði.“

⁵¹ *Íslensk orðabók*, „hikorð.“

⁵² Kozdęba, „Jak się pozbyć yyy?“

- c. Należy uważać, aby zbyt często nie nadużywać wypełniaczy językowych ani też nerwowych nawyków językowych. Przykładami często stosowanych wypełniaczy są: „...wiesz...” (í. *þú veist*), „...właśnie...” (í. *einmitt*), „...yyy...” (í. *yyy*).

4.3.3 Samsett orð

Samsettar orðareglur í íslensku eru mjög virkar og hlutfall samsettra orða í íslenskum texta er hátt.⁵³ Samsett orð eru orð sem mynduð eru úr tveimur eða fleiri sjálfstæðum orðum. Með öðrum orðum hafa þau fleiri en eina rót.⁵⁴ Orð eins og *kennsluaðferð* og *kennsluháttur* eru til dæmis samsett í íslensku en sambærileg orð í pólsku eru skrifuð sundurslitin, samanber eftirfarandi þýðingu:

- a. *kennsluaðferð*- (p. *metoda nauczania*)
- b. *kennsluháttur*- (p. *sposób nauczania*)

Í riti sínu, *Íslensk orðhlutafræði*, bendir Eiríkur Rögnvaldsson á að tengsl milli orðhluta samsettra orða séu aðallega þrenns konar. Tvær algengustu samsetningarnar eru í fyrsta lagi stofnasamsetningar, þar sem stofn fyrra orðsins er notaður og í öðru lagi eignarfallssamsetningar, þar sem fyrra orðið er í eignarfalli. Einnig er til svokölluð bandstafssamsetning, þar sem sérhljóð (*a*, *i* eða *u*) eða bandstafur (*s*) er sett inn á milli málhlutanna.⁵⁵ Hér eru tvö orð úr frumtextanum tekin sem dæmi:

- a. *líkamstjáning*, orðið er sett saman úr tveimur orðum, *líkam-i* og *tjáning*. Hér er um bandstafssamsetningu að ræða; *líkamstjáning*, (í. *táknmál sem felst í stöðu líkamans, handahreyfingum o.s.frv.*), (p. *mowa ciała*), (í. *mál líkama*).
- b. *málflutningur*, orðið er sett saman úr tveimur orðum, *mál- Ø* og *flutning-ur*. Hér er samsett úr rótinni *mál* og viðskeytta nafnorðinu *flutningur*; *málflutningur*, (í. *útskýring málefnis í ræðu og riti*), (p. *wyjaśnić problem*), (í. *útskýra vandamálið*).

⁵³ Jón Friðrik Daðason og Kristín Bjarnadóttir, „Kvistur: Vélræn stofnhlutagreining samsettra orða,“ 117.

⁵⁴ Höskuldur Þráinsson, *Handbók um málfræði*, 133.

⁵⁵ Eiríkur Rögnvaldsson, *Íslensk orðhlutafræði*, 35.

Samsett orð eru talsvert sjaldgæfari í pólsku en í íslensku. Því er stundum erfitt að finna þýðingu á samsettum orðum í orðabókum. Í frumtextanum á blaðsíðu 25 talar höfundur um orðið *þankahríð*, sem gengur einnig undir öðrum heitum á íslensku, til dæmis *hugarflug*, *hugarflugsfundur*, *hugflæði*, *þankaregn*, *hugstormun* og *hugstormur*. Öll þessi orð hafa sömu merkingu. Þessi orð eru augljós og skiljanleg fyrir viðtakanda frumtextans, en ef þau væru þýdd bókstaflega yfir á markmálið, væru þau óeðlileg og torskilin. Áskorun var að finna þýðingu á þessum orðum.

Til að skilja hvað átt er við með orðinu *þankahríð*, þarf að gera sér grein fyrir merkingu hugtaksins. Orðið *þankahríð* (e. *brain storming*) er leitandi (e. *heuristic*) aðferð við skapandi lausnir á vandamálum. Það felst í því að vinna í hópi þar sem markmið er að búa til hugmyndir, sem leitt gætu til þess að menn finni orsakir vandans, lausnir á honum og velji bestu valkostina. Þankahríð sameinar lausa nálgun við úrlausn vandamála.⁵⁶

Í dæmunum hér að neðan er þýðing mín á samsettum orðum og pólskum orðum þýdd bókstaflega. Til að þýða þessi orð voru samheitin notuð.

- a. *þankahríð*, (p. *burza mózgow*) - (í. *stormur heila*)
- b. *hugarflug*, (p. *myśl ulotna*) - (í. *hverful hugsun*)
- c. *hugarflugsfundur*, (p. *debata*) - (í. *umræða*)
- d. *hugflæði*, (p. *szermierka słowna*) - (í. *munlegar skylmingar*)
- e. *þankaregn*, (p. *wymiana myśli*) - (í. *skiptast á skoðunum*)
- f. *hugstormun*, (p. *wymiana zdań*) - (í. *skiptast á setningum*)
- g. *hugstormur*, (p. *gięlda pomysłów*) - (í. *skiptast á hugmyndum*)

4.3.4 Setningar og orðaröð

Íslenska og pólska eru að mörgu leyti ólík tungumál. Orðaröð í íslensku er oft talin tiltölulega frjáls, þótt auðvitað gildi um hana reglur eins og í öðrum tungumálum.⁵⁷ SVO er grundvallarorðaröð (e. *basic word order*) málsins. Fremst er frumlagið, þá umsögnin

⁵⁶ Masłowski, „Lepszy Manager: Burza mózgow – definicja, zasady, techniki, przykłady.”

⁵⁷ Eiríkur Rögnvaldsson, *Um orðaröð og færslur í íslensku*, 8.

(sögnin), og síðan aðrir hlutar setningarinnar (andlag, tíma- og staðarliðir o.s.frv.).⁵⁸ Pólska hefur líka SVO orðaröð í setningum. Þrátt fyrir að orðaröðin sé svipuð og í íslensku, eru tungumálin ólík að mörgu leyti. Dæmi um þetta eru setningabygging, orðaröð og greinarmerkjasetning. Þýðandi þarf að laga frumtextann að þessum reglum í þýðingu sinni til að markttextinn samræmist reglum markmálsins. Í pólsku er hægt að færa orðin í setningunni til eða jafnvel sleppa nafnorðinu, frumlaginu, andlaginu og stundum sögninni, ef orðin eru augljós af innihaldi setningarinnar.

Við þýðingu textans var lögð áhersla á að gera þýðinguna skiljanlega fyrir pólskumælandi lesendur. Reynt var að setja efnið fram á forsendum markmálsins en samt sem áður í samræmi við frumtextann. Reynt var að hafa setningar og skipan þeirra óbreyttar, nema brýna nauðsyn bæri til. Stundum var röð orðanna breytt, samhliða vali orðanna, til að gera textann eðlilegri. Hér verður litið á dæmi um lengd setninga og röð orða í markttextanum: frumtexti (a), markttexti (b) og orðrétt þýðing pólsks texta á íslensku (c):

- a. Næst eru atriði sem snerta **verk- eða vinnulag** (e. teaching techniques, teaching tactics), t.d. með hvaða hætti kennarinn segir nemendum fyrir verkum, ber fram spurningar, hvernig hann bregst við því sem nemendur hafa fram að færa, hvernig hann hlustar á þá, hrósar þeim eða kemur þeim að verki (bls. 17).
- b. Następny etap to zagadnienia związane z **technikami lub taktyką nauczania** (e. teaching techniques, teaching tactics). Nauczyciel mówi uczniom jak mają postępować, zadaje pytania, jak reaguje na to, co uczniowie mają do powiedzenia, jak ich słucha, chwali lub prowokuje do działania.
- c. Næsti áfangi það málefni tengist við **tækni eða taktík kennslunnar** (e. teaching techniques, teaching tactics). Kennarinn segir nemendum hvernig eigi að gera, spyr spurninga, hvernig bregst við því, hvað nemendur hafa að segja, hvernig þá hlustar, hrósar eða vekur til verks.

⁵⁸ Eiríkur Rögnvaldsson, *Um orðaröð og færslur í íslensku*, 8.

Í þessu dæmi yrði setningin tyrfin ef reynt yrði að þýða hana orð fyrir orð.⁵⁹ Það hljómar til dæmis betur á pólsku að skipta málsgreininni upp, setja punkt á eftir fyrstu aðalsetningunni og sleppa orðunum *t.d. með hvaða hætti* í dæmasetningunni. Orðaröðinni var sums staðar breytt. Til dæmis var andlagið sett á undan sögn í aukasetningunni hvernig hann hlustar á þá (p. *jak ich slucha*) sem var þýtt á pólsku hvernig þá hlustar). Í dæminu er frumlaginu líka sleppt, þar sem persónubeyging sagnarinnar sýnir frumlagið. Auk þess hefur setningunni verið skipt upp í tvær styttri setningar til að gera hana skiljanlegri fyrir lesandann.

Í öðru dæmi var notuð sama aðferð og í dæminu hér að ofan. Setningunni var skipt tvennt af því að í pólsku er tilhneiging til þess að forðast aðaltengingar. Hér sést hins vegar hvernig tungumálin eru frábrugðin hvort öðru. Önnur setningin byrjar á sögninni, sem er eðlilegt í pólsku. Setningar sem byrja á sögn í íslensku eru, sem kunnugt er, alltaf spurnarsetningar.⁶⁰

- a. Gardner telur að greina megi fimm aðalleiðir að sérhverju viðfangsefni og líkir því við herbergi með fimm dyrum (bls. 28).
- b. Gardner uważa, że dla każdego przedmiotu można zidentyfikować pięć głównych dróg. Porównuje on to do pokoju z pięcioma drzwiami.
- c. Gardner telur, það fyrir alla hluti hægt greina fimm helstu leiðir. Líkir hann þessu við herbergi með fimm hurðum.

5. Lokaorð

Hér að framan hefur verið fjallað um vinnuna við þýðingu á hluta handbókarinnar *Litróf kennsluáðferðanna: Handbók fyrir kennara og kennaraefni* eftir Ingvar Sigurgeirsson. Í fyrsta kafla var rætt um hve mikilvægan þátt þýðingar spila í lífi mannsins. Annar kafla fjallaði um einkenni bókmennta- og nytjatexta og því var velt upp hver munurinn væri á þýðingum þessara textagerða. Því næst kom stutt umfjöllun um mikilvægi hugtaksins jafngildi, sem var mjög útbreitt innan þýðingafræða um miðja tuttugustu öld. Síðan var

⁵⁹ Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson, *Um þýðingar*, 83.

⁶⁰ Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir, *Íslenska fyrir útlendinga*, 88.

sjónum beint að Skoposkenningunni, sem lykli að þýðingu nytjatexta. Í Skoposkenningunni gera höfundarnir, Reiß og Vermeer, ráð fyrir að allir textar hafi ákveðnu samskiptahlutverki að gegna. Í lok annars kafla var rætt um líkan Newmarks varðandi þá þætti sem móta verk þýðandans. Í þriðja kafla voru einkenni frumtextans, sem hér var tekinn til þýðingar, skoðuð. Þar var lýst innihaldi textans og tilgangi. Næst var rætt um mismunandi tegundir texta í samræmi við allsherjarkerfi textategunda Maryar Snell- Hornby og að lokum var gerð grein fyrir gerð og hlutverki frumtextans. Í fjórða kafla var rætt um þýðingarferlið og helstu áskoranir sem komu upp í þeirri vinnu.

Í starfi sem þýðandi nytjatexta er mikilvægt að vera meðvitaður um tilgang marktans sem getur verið mismunandi. Til þess að þýðing sé vönduð og skiljanleg þarf þýðandi einnig að vera meðvitaður um hvers konar texta er að ræða, skilja eðli textans, vita hverjir viðtakendur eru í markmenningunni og síðast en ekki síst vera vakandi yfir orðræðu hans. Þýðingin var unnin í samræmi við hlutverk sitt sem *upplýsandi texti* með hliðsjón af Skoposkenningunni. Í því felst að hlutverk textans ræður því hvaða ákvarðanir eru teknar í þýðingarferlinu. Tilgangur þýðingarinnar var að koma efninu til skila þannig að viðtakandinn gæti lesið það á sínu eigin tungumáli. Þessi hugmynd hefur mótað stefnu undirritaðrar, út frá því hver viðtökuhópurinn er og til hvers þýðingin er.

Textinn var valinn sem þýðingarverkefni vegna áhuga míns, bæði á efni hans og þýðingum nytjatexta almennt. Bókin gaf mér víðtækari sýn á hversu ólíkar og um leið áhugaverðar kennsluáferðir og kennsluhættir geta verið. Auk þess fékk ég tækifæri til þess að auka þekkingu mína á þýðingarferlinu með því að þýða þessa bók.

Heimildaskrá

- Ásgeir Blöndal Magnússon. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans, 2008.
- Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir. *Íslenska fyrir útlendinga: Kennslubók í málfræði*. Reykjavík: Málvísindastofnun, 2009.
- Ástráður Eysteinnsson. *Orðaskil: Í heimi þýðinga*. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands, 2017.
- Ástráður Eysteinnsson. *Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun, 1996.
- Eiríkur Rögnvaldsson. *Íslensk orðhlutafræði*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 1990.
- Eiríkur Rögnvaldsson. *Um orðaröð og færslur í íslensku*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 1990.
- Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarson. *Gagnfræðakver handa háskólanemum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2018.
- Gauti Kristmannsson. „Fræðimaður þýðinga.“ *Jón á Bægisá: Tímarit þýðenda* 14, 1. tölublað (2010): 125.
- Háskóli Íslands. „Þýðingar.“ *Kennsluskrá 2020*. Sótt 4. febrúar 2022. <https://haskoliislands.instructure.com/courses/1019/modules>
- Háskóli Íslands. „Þýðingataekni og textagreining.“ *Kennsluskrá 2021*. Sótt 2. febrúar 2022. <https://haskoliislands.instructure.com/courses/10284/modules>
- Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson. *Um þýðingar*. Reykjavík: Iðunn, 1988.
- Heimir Pálsson og Veturliði Óskarsson. „Þýðingar.“ Sótt 30. janúar 2022. <http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=202>
- Ingvar Sigurgeirsson. *Litróf kennsluaðferðanna: Handbók fyrir kennara og kennaraefni*. Reykjavík: Iðnú, 2013.
- Íslensk orðabók*. 5. útgáfa. Ritstýrt af Merði Árnasyni. Reykjavík: Forlagið, 2010.
- Jón G. Friðjónsson. *Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki: uppruni, saga og notkun*. Reykjavík: Örn og Örlygur bókaklúbbur hf., 1993.
- Jón G. Friðjónsson. *Orð að sönnu: Íslenskir málshættir og orðskviðir*. Reykjavík: Forlagið, 2015.
- Jón Friðrik Daðason og Kristín Bjarnadóttir. „Kvistur: Vélræn stofnhlutagreining samsettra orða.“ *Orð og tunga* 17, (2015): 117.
- Kozdęba, Andrzej. „Jak się pozbyć yyy?“ Sótt 13. febrúar 2022. <https://jamowie.to/jak-sie-pozbyc-yyy/>
- Masłowski, Marcin. Lepszy Manager. „Burza mózgow – definicja, zasady, techniki, przykłady.” 2020. Sótt 6. mars 2022. <https://lepszymanager.pl/burza-mozgow/>

- Munday, Jeremy. *Introducing Translation Studies: Theories and Applications*. London and New York: Routledge, 2001.
- Nida, Eugene A. *Toward a Science of Translating: With Special Reference to Principles and Procedures Involved in Bible Translating*. Leiden: E.J. Brill, 1964.
- Ortograf.pl*. „Myślnik (pauza)– opis, zasady użycia.” Sótt 25. janúar 2022. <https://www.ortograf.pl/zasady-pisowni/myslnik-pauza-opis-zasady-uzycia>
- Pym, Anthony. *Exploring Translation Theories*. London and New York: Routledge, 2010.
- Reiß, Katharina og Hans J. Vermeer. *Towards a General Theory of Translational Action: Skopos Theory Explained*. London og New York: Routledge, 2014.
- Rósa Signý Gísladóttir. „Heyrðu og ha ekki séríslensk fyrirbrigði.“ Sótt 14. febrúar 2022. https://www.hi.is/frettir/heyrd_u_og_ha_ekki_serislensk_fyrirbrigdi
- Sigríður Björk Kristinsdóttir. „Bókarýni: Litróf kennsluáðferðanna.“ Sótt 16. janúar 2022. <https://skipulagning-2017.namfullordinna.is/>
- Słownik Języka Polskiego PWN*. 1997–2021. Sótt 15. janúar 2022. www.sjp.pwn.pl
- Sciaga*. „Odmiana nazwisk angielskich.” Sótt 27. mars 2022. <https://sciaga.pl/tekst/>
- Þóra Björk Hjartadóttir. „Allur er varinn góður: Orðið hvað sem orðræðuögn.“ *Orð og tunga* 22, (2020): 5.
- Þórunn Blöndal. *Lifandi mál: Inngangur að orðræðu- og samtalsgreiningu*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, 2005.
- Þórunn Blöndal. *Mál gagn: Kennslubók í málnotkun*. Reykjavík: Mál og menning, 2011.

II. hluti: Þýðing

Metody nauczania- założenia

Co to jest metoda nauczania? Jakie są główne metody nauczania? Które metody nauczania są najlepsze?

Odpowiedzi na te pytania znajdują się w centrum uwagi przy wyborze metody nauczania. Przyjrzyjmy się bliżej odpowiedziom.

Co to jest metoda nauczania?

Warto zauważyć, iż szukając odpowiedzi na to pytanie w podręcznikach pedagogiki i metod nauczania znajdziemy niewiele wyjaśnień. Wygląda, jakby autorzy świadomie unikali odpowiedzi. Być może, odpowiedź jest oczywista.

